



Fráveita ION Hótel

ION Hótel fráveita (áður htl Hengill) janúar 2013.

Eldri bygging hótelsins var áður starfsmanna hús Orkuveitu Reykjavíkur við Nesjavallavirkjun, byggingunni var breytt í einkarekið hótél með 22 herbergjum 2009. Núverandi eigendur kaupa bygginguna af Orkuveitu Reykjavíkur 2011 og hefja undirbúning að stækkun hússins síðla árs 2011, húsið var um 1230 m² og er stækkað um 700 m² og bætast við 24 herbergi ásamt þjónusturýmum og heilsulind. Hönnun frárennslis er í samræmi við aðgerðaráætlun fyrir verndun vatns sbr. 20. grein reglugerðar nr. 650/2006 msb um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Orkuveita Reykjavíkur breytti eldri fráveitu í samræmi við reglugerðina og eftir viðræður við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands haustið 2011. 20, 000 lítra rotpró var breytt í safnpró og sitursvæði aftengt. Safntankurinn er tæmdur reglulega og skólp flutt til förgunar í fráveitustöð OR í Reykjavík.

Hönnun fráveitukerfis nýbyggingarinnar gerir ráð fyrir 70 PE.


Eftir könnun á ýmsum valkostum fyrir nýju bygginguna er lagnahönnun gerð með aðskildum frálögnum fyrir „svart vatn“ (salerni) og „grá vatn“ (sturtur, vaskar, niðurföll og setlaug), jafnframt því að vatnssparandi tækni er nýtt í vaskkrönum, salernum og þvagskálum auk tímarofa í sturtuhausum í öllum gistisherbergjum nýbyggingar og einnig verður sömu tækni komið á í eldri hótél byggingunni.

Fráveita nýbyggingarinnar er því tvískipt, svart vatnið, skólpið, fer í sér lögn og er losuð í tvo 30,000 lítra niðurgrafna plasttanka, sem staðsettir er niður við túnsléttu sunnan við hótelið. Jöfnunar- og deilibrunnur er framan við tankana, vöktunarbúnaður og tvö mannop eru á hverjum tanki. Safntankar þessir verða síðan tæmdir reglulega og skólp flutt til förgunar í fráveitustöð í Reykjavík. Möguleiki verður síðar að bæta við þessa tanka hreinsivirki, sem þarf þá einnig að uppfylla ítrustu kröfur reglugerðar nr. 650/2006 msb um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns. Heildar hámarksrennslis á sólarhring í safnpróna er áætlað um 2700 lítrar, tæma þarf því tankana mánaðarlega eftir ákveðnu tæmingarkerfi.

Grávatnið, þ.e. frárennslis frá sturtum og handlaugum á herbergjum, skolvöskum, gólfniðurföllum ásamt setlaug í heilsulind fer um síu setbrunn, sem er ætlað að fanga óhreinidi, sand og þess háttar, rennur þaðan í fituskilju og að lokum í stóra í sandsíu.

Stærð fituskilju er áætluð út frá öllu hótelinu þ.e. allir töppunarstaðir og niðurföll fyrir utan salerni og eldhús, rennslismagn er áætlað 13,6 l/s. Rennslis frá setlaug, sem er gegnumstreymis laug er mest um 3,0 l/s. Fituskiljan er um 5m³ (NS-tala 19), flatarmál sandsíu er um 100 m², þykkt sandsíu er um 2 metrar. Sýnatökubrunnur er fyrir aftan sandsíuna. Sjá nánar á teikningu

Fyrirkomulag á fráveitu hefur verið unnið í samstarfi við Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, bæði á hönnunarstigi og við framkvæmdina sjálfa. Í starfsleyfi hótelsins eru gerðar hefðbundnar kröfur varðandi hollustuhætti, innra eftirlit o.fl. Vegna sérstöðu fráveitutækinnar er gert ráð fyrir skráningum tengdum þeim rekstri m.a. varðandi losanir, förgun o.fl.





Séð yfir fráveitusvæði; Fitugildra næst, t.h. Sandsía og sitursvæði, fjærst er Safntankasvæði. 29.01.2013



Skólpið, fer í sér lögn og er losað í tvo 30,000 lítra niðurgafna plasttanka. Jöfnunar- og deilibrunnur er framan við tankana, vöktunarbúnaður og mannop eru á hverjum tanki. Safntankar þessir verða síðan tæmdir reglulega og skólp flutt til förgunar í fráveitustöð í Reykjavík. Möguleiki verður síðar að bæta við þessa tanka hreinsivirki, sem þarf þá einnig að uppfylla ítrustu kröfur. 10.01.2013



Unnið við grunn sandsíusvæðis fyrir fráveitu „grávatns“. 26.01.2012



Unnið við sandsíu, sem tekur „grávatn“ , þ.e. frávatn frá vöskum og sturtum herbergjaálmu auk frá heilsulind. (28.01.2013)




Unnið við niðursetningu neðri hluta siturlagna sandsíunnar, sýnatökubrunnur fyrir miðju. (28.01.2013)



Fituskiljan er um 5m³ (NS-tala 19)



Unnið við söndun efra sandsíulags. (29.01.2013)



Fituskiljan tengist um brunn við sandsíuna, regnvatnsrás er einnig tengd í brunninn. (29.01.2013)



Unnið við söndun efra sandsíulags. (29.01.2013). Jarðvegsdúkur lagður yfir efsta malarlagið 1.2.3013





Laugin tilbúin og vatn komið í 5.02.2013



Heimildir og rætt við:

Ásbjörn Arnarsson, Framkvæmdastjóri, Heiðarholt ehf

Gústaf Vífilsson, Verkfræðingur FVFÍ, TÓV, Verkfræðistofa ehf, sími 510 2200, gusti@to.is

Halldór Hafsteinsson, eigandi

Óskar Þór Óskarsson, Byggingafræðingur BSc, Löggiltur Mannvirkjahönnuður, Netfang:oskar@heidarholt.is
GSM-842-5353

Sigurlaug Sverrisdóttir, hóteltjóri & eigandi

Þór Þráinsson, Byggingastjóri 845 4255SMS

Ómar Sigfússon jarðvinnu- og fráveituverktaki, Draumaverk, Minni Borg 616 8521

Eftirlit HS v/framkvæmda 2013; 4/1, 16/1, 22/1, 29/1, 31/1

Minnispunktur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. BÐ 01 – 02 2013.

